



María Björk Ingvadóttir,
framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands

Fjölmennning og félagsráðgjöf á tímum hraðra breytinga

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanfönum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru innflytjendur tæplega 19% landsmanna í byrjun árs 2025 og samanlagt námu innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð um 21% þjóðarinnar. Þessi þróun hefur áhrif á vinnumarkað, skóla, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og samfélagið allt.

Félagsráðgjafar finna skýrt fyrir þessum breytingum í daglegu starfi. Þeir vinna með einstaklingum og fjölskyldum af fjölbreyttum uppruna, ólíkum tungumálum og menningarheimum. Auknar kröfur eru gerðar um menningarnæmi, skilning á ólíkum lífsaðstæðum og getu til að byggja upp traust þvert á tungumála- og menningarmörk.

BHM hefur bent á að fjölgun landsmanna á næstu árum verði að stórum hluta drifin áfram af innflytjendum um leið og eftirspurn eftir sérfræðingum í heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustu fari vaxandi. Þar á meðal eru félagsráðgjafar sem gegna lykilhlutverki í að tengja saman einstaklinga, fjölskyldur og samfélagskerfi.

Samhliða þessari þróun hafa komið fram áskoranir. Rannsóknir og opinber gögn benda til þess að menntun og reynsla margra innflytjenda nýtist ekki alltaf sem skyldi á íslenskum vinnumarkaði. Stjórnvöld hafa því lagt aukna áherslu á mat á erlendri menntun, raunfærnimat og leiðir til að tryggja jafnari stöðu fólks á vinnumarkaði óháð uppruna.

Hér gegnir félagsráðgjöf mikilvægu hlutverki. Kjarni fagsins er að stuðla að félagslegu réttlæti, þátttöku og jöfnum tækifærum.

Félagsráðgjafar vinna oft á mörkum kerfa þar sem hættu er á að einstaklingar falli milli þjónustukerfa vegna tungumálaörðugleika, skorts á upplýsingum eða takmarkaðs aðgengis að þjónustu.

Um leið felast í fjölmenningu mikil tækifæri. Fjölbreytt reynsla, þekking og menning styrkir samfélagið og getur aukið nýsköpun og samfélagslega seiglu. Til þess að svo megi verða þarf þó markvissa stefnumótun, öflug og opinbera þjónustu og fagfólk sem

hefur þekkingu á fjölbreytileika og mannréttindamiðaðri nálgun.

Í samfélagi sem verður sífellt fjölbreyttara verður hlutverk félagsráðgjafa enn mikilvægara. Fagið byggist á virðingu fyrir mannlegri reisn, félagslegri þátttöku og réttindum allra. Þessi gildi eru ekki síður mikilvæg í dag en áður – hafa líklega aldrei verið mikilvægari.

HEIMILDIR

- Bandalag háskólamanna. (2026). *Hagkorn BHM: Nýtt jafnvægi á íslenskum vinnumarkaði*. BHM. <https://www.bhm.is/greinar/nytt-jafnvae-gi-islenskum-vinumarkadi>
- Hagstofa Íslands. (2025). Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2025. Hagstofa Íslands. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-1-januar-2025/>
- Hagstofa Íslands. (2026). *Vinnumarkaðurinn 2025*. Hagstofa Íslands.
- Félags- og húsnæðismálaráðuneytið. (2026). Staða og þróun í málefnum innflytjenda 2022–2025. *Skýrsla félags og húsnæðismálaráðherra til Alþingis*. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/01--Fretta-tengt---myndir-og-skrar/FRN/Stada_og_throun_i_malefnum_innflytjenda_2022-2025_skyrsla_radherra_til_Althingis.pdf
- Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið. (2024). *Tillaga til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda fyrir árin 2025–2028*. Stjórnarráð Íslands.